

Atli Gíslason, alþingismaður  
Birkimel 6  
Boðsent

Reykjavík 2. mars 2009

Ágæti Atli.

Í tilefni af viðtali sem tekið var við þig í þætti Ríkissjónvarpsins *Silfri Egils* þann 22. febrúar s.l. sé ég mig f.h. Byrs sparisjóðs knúinn til, að koma eftirfarandi leiðréttingum á framfæri við þig:

Í viðtalinu rekur þú fjögur dæmi um *augljósa brotastarfsemi fjármálafyrirtækja, horfið fé auðmanna og skattaskálgaskjól* og óskiljanlegt aðgerðarleysi yfirvalda í þessum efnum.

Eitt dæmanna snýr að Byr og felast meint óhæfuverk sparisjóðsins að þinni sögn í *úttekt á 13,5 milljarði króna í ágúst og þar sem stjórnendur vissu og máttu vita að fyrirtækið hefði ekki efni á þessu, sé hér um efnahagsbrot að ræða*. Þá segist þú halda, *að ríkissjóður hafi komið inn í Byr með svipaða fjárhæð í október s.l.*

Sá félagsskapur lögbrotá og þjóðniðinga, sem sparisjóðurinn tilheyrir svo augljóslega að þínu mati, hlýtur að teljast af vafasamara taginu. Þá eru fullyrðingar þínar um Byr sparisjóð því miður alrangar í nánast öllum atriðum. Ekki er um *úttekt að ræða*, eins og þú segir, heldur arðgreiðslu fyrir rekstrarárið 2007, mesta hagnaðarár í rekstrarsögu Byrs með 44% arðsemi eigin fjár. Arðgreiðslan var samþykkt einróma á aðalfundi sparisjóðsins sem fór fram þann 9. apríl 2008 og var greidd út tveimur dögum síðar til stofnfjareigenda Byrs, sem eru um 1.500 talsins og höfðu vel að merkja lagt alls 26,9 ma. kr. í auknu stofnfé til sparisjóðsins á árinu 2007. Ákvörðun arðgreiðslunnar var ekki tekin að hentugleika auðmanna, eins og þú gefur í skyn, heldur í samræmi við gildandi lög og reglur, en þar er m.a. kveðið á um að Tryggingasjóður sparisjóða ákveði hármærshlutfall fyrir arðgreiðslur sjóðanna og var hlutfallið fyrir árið 2007 látið jafngilda ársávöxtun eigin fjár. Þá hefur ríkissjóður ekki lagt fjármagn til Byrs sparisjóðs, hvorki á síðasta ári né þessu.

Allar þessar upplýsingar sem og aðrar um rekstur Byrs má auðveldlega nálgast á [byr.is](http://byr.is) eða hjá starfsfólki sparisjóðsins.

Mér þykir miður að löglærður alþingismaður, sem gegnir jafnframt trúnaðarstörfum fyrir ríkisstjórn landsins, beri slík ósannindi upp á nafngreint fjármálafyrirtæki og starfsfólk þess, sýnilega að tilefnislausu. Ljóst er með tilliti til viðtalsins í heild og ekki hvað síst vegna stöðu þinnar, að svo meiðandi málflutningur getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir orðspor Byrs sparisjóðs og starfsfólks hans.

Við skorum því á þig að sýna okkur þann drengskap, að draga opinberlega til baka og innan hóflegra tímamarka þau skaðlegu ummæli, sem þú lést falla um Byr sparisjóð í umræddum sjónvarpsþætti.

Virðingarfyllt,  
  
Ragnar Z. Guðjónsson,  
sparisjóðsstjóri

Meðfylgjandi er útskrift FMV Creditinfo Iceland af umræddu viðtali í *Silfri Egils*.